

Félags – og skólaþjónusta
RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvolsvelli

FUNDARGERÐ

93. fundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (FSRV) var haldinn kl. 09:00 mánudaginn 22. september 2025 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson formaður, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir varaformaður, Kristín Hreinsdóttir ritari, Einar Kristján Jónsson, Sigríður Karólína Viðarsdóttir og Svava Davíðsdóttir framkvæmdastjóri. Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri kom inn á fundinn undir 1. lið. Arna Hrönn Aradóttir, nýr verkefnastjóri farsældar, kom inn á fundinn undir 2. lið.

Kristín Hreinsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. *Viðauki við fjárhagsáætlun 2025*

Fjármálastjóri kynnti viðauka við fjárhagsáætlun 2025. Heildarupphæð viðaukans er 24.210.000 kr. Skýrist kostnaðarauki að mestu af kjarasamningsbundnum hækkunum, ráðningu verktaka vegna innleiðingar farsældarlaganna og hækkun á kaupum þjónustu vegna CURRON kerfisins. Þá bætist Skaftárhreppur við í heimaþjónustu og bætist þar við 0,6 stöðugildi. Klara fór af fundi kl. 9:12.

Samþykktur samhljóða.

2. *Kynning verkefnastjóra innleiðingar farsældar*

Arna Hrönn Aradóttir, verkefnastjóri farsældar, kynnti verkefnin fram undan. Helstu verkefnin snúa að því að leiða samþættingu þjónustu á svæðinu og mótun á nýju verklagi. Verkefnastjóri er nú að halda fundi með helstu hagaðilum. Til stendur að kynna verkefni farsældar fyrir sveitarstjórnnum. Arna Hrönn fór af fundi kl. 9:40.

Stjórn þakkar Örnun Hrönn fyrir kynninguna.

3. *Þjónustukönnun Félags- og skólaþjónustu*

Framkvæmdastjóri kynnti drög að þjónustukönnun félags- og skólaþjónustu sem lögð verður fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla. Stefnt er að því leggja könnuna fyrir í október.

Stjórn samþykkir drögin.

4. *Önnur mál*

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu starfsmannamála.

Næsti fundur verður haldinn á Teams 27. október 2025 kl. 9:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:45.

Undirritunarsíða

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Einar Kristján Jónsson

Sigríður Karólína Viðarsdóttir

Einar Freyr Elínarson

Kristín Hreinsdóttir